



# Leiðarveðursþáþjónustur Veðurstofu Íslands

Leiðarspáþjónstukerfið SeaMon-API (<https://docs.seamon.io>) var upphaflega þróað sem sjóveðurþjónusta, og tekur mið af staðsetningu í tíma og rúmi samkvæmt leiðaráætlun. Með styrkveitingu frá Vegagerðinni og í samvinnu við Veðurstofu Ísland hefur kerfið verið aðlagað fyrir leiðarspár á vegum. Til sannreynslu á þjónustunum hefur einnig verið þróað snjalltækjavænt viðmót sem kallast Vegveður, sem við teljum vera eitt fyrsta slíka viðmót við veðurspár sem tekur mið af leiðaráætlun og sýnir áætlaðar aðstæður í samræmi við upphafstíma, hraða og leiðarvörður. Hægt er að nálgast Vegveður appið í vafra og sem Android eða iOS app í eftirfarandi gátt: [https://api.seamon.io/getapps/getapps\\_is.html](https://api.seamon.io/getapps/getapps_is.html)



## Kerfisýfirlit (HLD) og Vefþjónustuköll



Dæmi um kall í [api.seamon.io](https://api.seamon.io) fyrir leiðaráætlun frá Þorlákshöfn til Akureyrar á 80 km/klst meðalhraða með 2klst viðkomu í Staðarskála:

```
https://api.seamon.io/forecast?drive=\(Thorlakshofn;now\),\(Stadarskali;80kph\),\(Stadarskali;prev\_plus\_2h\),\(Akureyri;80kph\)&params=igb|wind,temp
```

Dæmi um kall í þjónustuna með JavaScript SDK hugbúnaðarbókasafni:

```
SeaMon.forecast.drive([['Reykjavik', '19-05-01T12:00'], ['Akureyri', '80kph']],  
    ['igb|wind', 'igb|temp'])  
.then(data => { doSomething(data); })  
.catch(err => { console.error('caught exception:', err); });
```